

**Nd.**

**424. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá Jakob Möller.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Heimilt er hreppsfélögum að kveða svo á með sveitarsamþykktum, að styrk þeim, sem veittur er í hreppinn samkvæmt lögum þessum, fyrir eitt ár eða fleiri í senn, skuli varið til fjárhagshjálpar efnilegu ungu fólki úr sveitinni, því til menningarauka innan lands eða utan. Ákveður hreppsnefnd, hverjir verði styrks þess aðnjótandi.